

Fundargerð 48. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2020, miðvikudaginn 15. apríl kl. 10:00 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Á fundinn mættu Aldís Valdimarsdóttir, Regína Valdimarsdóttir og Rún Knútsdóttir

1. Tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. - 1909029SA

Starfsmenn húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) kynntu skýrslu um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. Árið 2018 fór HMS ásamt Sveitarfélaginu Skagafirði og Kópavogsbæ af stað með tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning. Gerður var þjónustusamningur við bæði sveitarfélögin um verkefnið sem kvað á um að stofnunin myndi fara með umsýslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir hönd sveitarfélaganna, allt frá móttöku til útgreiðslu stuðningsins.

Þau markmið sem sett voru í upphafi tilraunaverkefnisins hafa náðst. Þjónustan er einfaldari fyrir notendur, hagræðing hefur náðst með samþættingu, þ.e. starfsmenn á tveimur stöðum eru ekki að vinna sömu verkefni og það er heildstæð yfirsýn yfir hvernig húsnæðisstuðningur stjórnvalda nýtist. Tilraunaverkefnið mun halda áfram en samhliða því mun HMS kanna ítarlega grundvöll að baki samþættingu kerfanna og útfærsluleiðir í samráði við félagsmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri haghafa.

Gestir yfirlit fundinn.

2. Viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa. - 2001077SA

Kynning á starfi Viðbragðsteymis. Félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Viðbragðsteymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp getur komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísu, m.a. ef upp kemur sú staða að ekki sé mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinna hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma. Teymið safnar

upplýsingum vikulega frá sveitarfélögum og stofnunum ríkisins. Almennt hefur staðan hjá flestum sveitarfélögum verið góð en aðstæður eru krefjandi hjá sveitarfélögum og ekki má mikið út af bregða til að þar verði rof í þjónustu. Það er mikið álag á starfsfólki sem er að þjónusta notendur í sóttkví/ eða einangrun og eru margir starfsmenn hræddir að mæta í vinnu og þurfa mikla hvatningu. Nær öll sveitarfélög hafa tekið upp úthringiþjónustu til eldri borgara og einstæðinga með ráðgjöf, sálgæslu og eftirfylgni og mörg þeirra hafa útvíkkað þjónustu er varðar heimsendingará tilbúnum mat og öðrum nauðsynjum.

3. Endurreisn samfélaga eftir COVID. - 2003041SA

Farið yfir aðgerðaáætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili vegna Covid-19. Karl Björnsson framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna í aðgerðapakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum. Í pakkanum er gert ráð fyrir atvinnuátaksverkefnum þar sem sveitarfélög skilgreini og bjóði allt að 1.000 störf í samvinnu við atvinnuleysistryggingasjóð. Gæta skal þess sérstaklega að ný störf henti konum og fólki af erlendum uppruna. Jafnframt á að efla íslensku nám fyrir innflytjendur og að beina styrkjum úr nýsköpunarsjóðum til einyrkja og kvennastarfa.

Fundarmenn lýstu ánægju með aðgerðapakkanum. Rætt var um störf sem mögulega væri hægt að bjóða upp á og var horft sérstaklega til þess að bæta við í ummönunarstörfum sveitarfélaga en þar hafa starfsmenn staðið vaktina undir miklu álagi og þyrfti að létta á þeirra störfum.

4. Samhæfingarhópur sem skal skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda. - 2004003SA

Sagt frá stofnun samhæfingarhóps sem skal skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda, atvinnu- og menntaúrræði við þær breyttu aðstæður sem orðnar eru í íslensku samfélagi.

Fundi var slitið kl. 11:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir